


Deiliskipulag miðbæjarsvæðis: Hvítungavegur 7-13 og Skólavegur 21c

Breyting á deiliskipulagi



Hluti deiliskipulags miðbæjarsvæðis dags. í apríl 2005 m.s.br., í mkv. 1:1000

Inngangur

Gerð var eftirfarndi breyting á *deiliskipulagi miðbæjarsvæðis dags. 4.2.2005*, m.s.br. í breytingunni felst að bæta við fjórum íbúðalóðum við Hvítungaveg og einni íbúðalóð við Skólaveg. Breytingin var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tengsl við áætlanir

Í Aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 er gert ráð fyrir fjögllum lóða við Hvítungaveg, á þar sem nú er baklóð Safnahússins. Nýjar lóðir við Hvítungaveg eru á reit fyrir Miðsvæði (M-1). Í skilmálum fyrir reitinn segir m.a. „Heimilt er að þetta byggð á svæði við Safnahúsið með allt að 15 nýjum íbúðum í 2-3 hæða húsum.“

Ný lóð við Skólaveg 21c er á reit fyrir íbúðabyggð (ÍB-1). Í skilmálum fyrir reitinn segir m.a.: Heimilt er að leyfa breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar sem falla vel að einkennum og yfirbragði þeirrar byggðar sem fyrir er. Heimilt er þetta byggð t.d. með því að byggja á óbyggðum lóðum, byggja við eða endurbyggja.

Eitt af lykilmarkmiðum gildandi deiliskipulags er markviss uppbygging íbúðarhúsnæðis og m.a. er lögð áhersla á að styrkja götumynd Hvítungavegar með byggingum einbýlis- og parhúsa á einni eða tveimur hæðum. Í deiliskipulaginu var gert ráð fyrir byggingarreit við Hvítungaveg 7 fyrir sérbýli á 2 hæðum með innbyggðri bílgeymslu og leyfileg hámarkshæð var 8 m miðað við kóta aðalgólfs. Breyting var gerð á deiliskipulaginu í nóvember 2011 og var þá byggingarreitur við Hvítungaveg tekninn út og byggingarreit við Safnahúsið bætt við og er það í gildi í dag. Samkvæmt skilmálum deiliskipulagsins má nýtingarhlutfall á nýjum lóðum fyrir sérbýli vera 0,5. Í breytingum sem gerðar hafa verið á deiliskipulaginu seinustu ár eru þó fordæmi fyrir því að nýtingarhlutfall sé hærra

Forsendugreining og áhrif á umhverfið

Við gerð breytingarinnar var lögð áhersla á að byggingar falli vel að landi og aðliggjandi byggð og í upphafi verkefnis var unnin forsendugreining þar sem bornir voru saman ólíkir valkostir. Ljóst er að uppbygging mun breyta ásjúnd götunnar og mikilvægt að ný byggð taki mið af nærumhverfi sínu, tíðaranda og stefnumórkunar sveitarfélagsins t.a.m. í aðalskipulagi.

Í forsendugreiningu voru bornir saman kostir og ókostir mismunandi húsagerða, ólíkir valkostir á aðkomu að nýjum lóðum, fjöldi lóða og fjöldi íbúða. Valkostir voru m.a. metnir út frá áhrifum á aðliggjandi byggð, aðlögun að landi, hagkvæmni í nýtingu á landi og framboði og eftirspurn á húsnæði í Vestmannaeyjum.

Byggingar við Hvítungaveg og Skólaveg eru ólíkar í útliti og enginn einn byggingarstíll ráðandi. Byggingar sunnan megin við Hvítungaveg eru hærri en byggingar norðan götu og þakform eru ólík. Nýrri hús við götuna eru almennt stærri og hærri en þau eldri og efnisnotkun önnur. Íbúðarhús norðan megin götunnar, við Hvítungaveg 3 og 5, eru lágreist, bæði á einni hæð með risi og eru byggð á fyrri hluta seinustu aldar. Húsin standa um 1 metra lægra en gatan og virðast því lægri tilskyndar en þau í raun eru. Bæði húsin eru um í 1,5 - 2 m fjarlægð frá lóðamörkum við gangstétt. Á nýjum lóðum við Hvítungarveg er byggingarlinu fylgt til þessa að styrkja götummyndina og viðhalda byggðarmynstrinu.

Frá Hvítungavegi og niður á baklóð safnahússins er um 3 metra hæðarmunur. Til þess að nýta lóðirnar vel og forðast að mikill halli verði á lóðununum eru byggingar á tveimur hæðum og kjallara. Aðalíngangur er á 1. hæð húsanna frá Hvítungavegi en einnig er gert ráð fyrir inngangi í kjallara á bakhlíð húsanna auk bílgeymslu. Hámarkshæð húsanna er 9 m mælt frá aðkomukóta kjallara og má því gera ráð fyrir að byggingar verði að hámarki um 6 metra háar ofan götu. Önnur hæðin er inndregin m.a. til að draga úr skuggavarpí á aðliggjandi lóðir. Á lóð Skólavegar 21c er gert ráð fyrir 8 m hárrí byggingu með mænispaki, sem er sama hæð og Alþýðuhúsið við Skólaveg 21b. Húsið liggur lægra í landi en byggingar á aðliggjandi lóðum við Skólaveg og Hvítungaveg.

Í forsendugreiningu var skoðað hvort gera ætti ráð fyrir par- eða raðhúsum á lóðunum í stað sérbýla. Engin önnur par- eða raðhús eru á í næsta nágrenni lóðanna og var það metið sem svo að rétt væri að viðhalda byggðarmynstri hverfisins og gera ráð fyrir sérbýlum. Ný lóð við Skólaveg 21c er stærri en nýjar lóðir við Hvítungaveg og þar er gert ráð fyrir tvíbýli á tveimur hæðum.

Ekki er talið að ný byggð aftan við Safnahúsið komi til með að hafa neikvæð áhrif á notkun eða ásjúnd almenningsvæða við Stakkagerðistún eða framan við Safnahúsið og Ráðhúsið. Tíundi aftan við Safnahúsið er ekki hluti af almenningsvæðinu og er það mat sveitarfélagsins að það henti vel fyrir íbúðabyggð enda er það í samræmi við áherslur aðalskipulagsins. Aðkoma að nýjum lóðum er um nýjan veg frá bílastæði við Safnahúsið og ekki líklegt að umferð um nýja veginn verði mikil enda eingöngu 5-6 íbúðir sem koma til með að nota hann. Ný hús við Hvítungaveg verða ekki hærri en Safnahúsið en Hvítungavegur 7 og 9 munu sjást frá almenningsvæðunum. Verði byggt við við Safnahúsið til vesturs, eins og heimilt er skv. gildandi deiliskipulagi, munu nýju íbúðarhúsin sjást enn minna. Að sama skapi verður ekki verður séð að ný hús munu hafa neikvæðari áhrif á almenningsvæðin en önnur íbúðarhús í hverfinu umhverfis Stakkagerðistún.

Við gerð breytingarinnar var hugað að því að nýjar lóðir við Hvítungaveg næðu ekki lengra en að austurhlíð Safnahússins til þess að gefa horninu við Kirkjuveg og Hvítungaveg gott andrými og til að viðhalda sjónlinum frá horninu í átt að Stakkagerðistúni. Byggingarreitur á lóð Skólavegar 21c er staðsettur á norðurhluta lóðarinnar, fjar núverandi íbúðabyggð og nær Alþýðuhúsinu. Talið er að

skuggavarp af nýjum íbúðarhúsum hafi ekki teljand áhrif á aðliggjandi byggð, eins og sjá má á meðfylgjandi skýringarmyndum.

Málsmeðferð

Drög að deiliskipulagsbreytingu voru kynnt fyrir hagsmunaaðilum og almenningi í lok október 2021 í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/20210. Tillagan var aðgengileg á vef sveitarfélagsins og bréf var sent á íbúa í grennd við svæðið og þeim gefinn kostur á að senda inn ábendingar eða athugasemdir við tillöguna. Einnig var boðið upp á kynningu á fyrirliggjandi gögnum á skrifstofu skipulagsfulltrúa.

Athugasemdir bárust frá HS Veitum og íbúum við Hvítungaveg 5 og 12, sem hafðar voru til hljóðsónar við mótun tillögunnar.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi var auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá 20. desember 2021 - 31. janúar 2022. Athugasemdir bárust við auglýsta tillögu sem leiddu ekki til breytinga eftir auglýsingu.

Í tillögu að breytingu var gert ráð fyrir að byggingarreitur við Safnahúsið minnkaði. Eftir auglýsingu var því breytt og falið frá minnkun byggingarreits.

Breyting á deiliskipulagi

Í breytingunni felst eftirfarandi

- Ný lóð er afmórkuð við Skólaveg 21c fyrir íbúðarhús á tveimur hæðum með 1-2 íbúðum.
- Fjórar nýjar sérbýlishúsalóðir eru afmarkaðar við Hvítungaveg 7, 9, 11 og 13.
- Lóð Skólavegar 21b (Alþýðuhúsið) stækkar lítilega til suðurs til að tryggja aðkomu að bakhlíð hússins. Lóðin verður 647 m² eftir breytingu.
- Gert er ráð fyrir nýjum vegi fyrir aftan Kirkjuveg 52 (Safnahúsið) sem verður aðalalðkoma að Skólavegi 21c, aðkoma að baklóðum Hvítungavegar 7-13 og að bakhlíð Safnahússins.
- Fyrirkomulag bílastæða við Safnahúsið og ráðhúsið breytist á uppdrætti í samræmi við raunstöðu. Fyrirkomulag bílastæða á uppdrætti er leiðbeinandi.
- Á baklóð Kirkjuvegar 52 (Safnahússins) er steinsteyptur loftræstíokkur sem verður færður eða fjarlægður.

Skipulagsskilmálar

Skilmálar þessir eru viðbót við almenna skilmála gildandi deiliskipulags og gilda eingöngu um það svæði sem breyting þessi nær til. Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags m.s.br.

Fyrir nýjar lóðir við Hvítungaveg og Skólaveg eru settir nýir sérskilmálar. Þar sem sérskilmálar vikja frá almennum skilmálum, gilda sérskilmálar.

Byggingarreitir

Byggingarreitir eru sýndir á deiliskipulagsuppdrætti og á mæliblöðum. Allir meginhlutar byggingar skulu standa innan þeirra. Stakir byggingarhlutar s.s. þakskegg, skygni, sólpallar eða reykháfar, geta farið að einhverju leyti út fyrir byggingarreit og skal þá gera grein fyrir þeim á aðaluppdráttum. Aukahlutir utan á húsum, s.s. gervinhattadiskar skulu ekki staðsettir á framhlíð húsa og skulu ekki fara upp fyrir hæsta punkt byggingar.

Lóðafrágangur og stoðveggir

Gera skal grein fyrir lóðarfrágangi á sérstökum lóðaruppdrætti. Þar skal sýna fyrirkomulag lóðar, s.s. frágang lands, skjólveggi, sorpgeymslur, bílastæði, girðingar og annað sem kann að hafa áhrif á ásjúnd lóðar eða er líklegt til þess að hafa áhrif á aðliggjandi lóðir. Lóðarhafi sér sjálfur um framkvæmdir og frágang á sinni lóð og ber ábyrgð á að þær séu í samræmi við samþykktar teikningar og hæðartölur skv. mæli- og hæðarblaði. Ef hæðarmunur er tekin með stoðvegg, skal veggurinn þola þrýsting frá aðliggjandi götu, gangstétt, göngustíg, lóð eða bílastæði.

Stoðveggi skal hanna með byggingunni og skulu falla vel að byggingu og lóð.

Lóðarhafi skal hafa samráð við lóðarhafa aðliggjandi lóðar um frágang á sameiginlegum lóðamörkum þeirra. Verði ágreiningur þar um, skal hlíta úrskurði byggingarnefndar og/eða byggingarfulltrúa í því máli.

Skjólveggir og girðingar

Skjólveggi og girðingar skal hanna með byggingu og í samræmi við form, efni, liti og áferð byggingar. Gera skal grein fyrir skjólveggjum og girðingum á aðaluppdráttum og/eða lóðaruppdrætti.


Skjólveggir skulu ekki vera hærri en 1,6 m yfir palli eða því svæði sem þeim er ætlað að skýla.

Sorpgeymslur

Samræma skal útilit og ásjúnd sorpgeymslna við útilit byggingar og gera skal grein fyrir staðsetningu þeirra og hönnun á aðaluppdráttum.


Veitur

Hita- og vatnslagnir liggja um svæðið ásamt háspennu- og lágsþennustreng sem tengjast dreifistöð í Safnahúsi. Hafa skal fullt samráð við HS veitur vegna framkvæmda á svæðinu.




Breyting á deiliskipulagi: Hvítungavegur 7, 9, 11 og 13 og Skólavegur 21C í mkv. 1:1000

Skólavegur 21c, sérskilmálar	
Lóðarstærð	376 m²
Byggingarmagn	Að hámarki 120 m² Að hámarki 220 m² Nýtingarhlutfall verði að hámarki 0,60.
Fjöldi íbúða	1-2
Fjöldi hæða og hámarkshæð	2 hæðir. Vegghæð: allt að 6,0 m mælt frá gólfkóta jarðhæðar. Mænishæð: allt að 8,0 m mælt frá gólfkóta jarðhæðar.
Aðkoma	Aðkoma er um nýjan veg frá Skólavegi (Ráðhúströð).
Bílastæði	Fyrir íbúðir sem eru stærri en 80 m² skulu vera að hámarki 2 bílastæði innan lóðar. Fyrir íbúðir sem eru minni en 80 m² skal að hámarki vera 1 bílastæði innan lóðar. Bílastæði fyrir framan bílgeymslur skulu ekki vera styttri en 6 m.
Þakform	Þak skal vera mænispak. Kvistir eru heimilaðir á þaki og hæð þeirra má ekki fara upp fyrir mæni.
Svalir og útbyggingar	Heimilt er að svalir fari allt að 1,6 m út fyrir byggingarreit á vestur- og suðurhlíð.




Skólavegur 21c: Skilmálateikning í mkv. 1:200

	Lóðamörk		Hæðarkótar við lóðamörk (til viðmiðunar)
	Byggingarreitur		Mænissæfna
	Lóðastærð		



Skýringarmyndir sem sýna byggingarreit við Skólaveg 21c.

Hvítungavegur 7, 9 11 og 13, sérskilmálar	
Lóðastærðir	272 m²
Byggingarmagn	Að hámarki 220 m² Að hámarki 150 m² Nýtingarhlutfall verði að hámarki 0,85.
Fjöldi íbúða	1
Fjöldi hæða og hámarkshæð	2 hæðir og kjallari, 2. hæð er inndregin sbr. skilmálateikningu. Hámarkshæð er 9,0 m mælt frá gólfkóta kjallara. Eða 1 hæð og kjallari. Hámarkshæð er 7,5 m mælt frá gólfkóta kjallara. Lágmarkshæð er 6,5 m gólfkóta kjallara.
Aðkoma	Aðalíngangur skal vera frá Hvítungavegi. Aðkoma að bakhlíð er um veg frá Skólavegi / Ráðhúströð.
Bílastæði	Að hámarki skulu vera 2 bílastæði innan hvernar lóðar. Að auki skal innbyggð bílgeymsla vera í kjallara með aðkomu frá Skólavegi / Ráðhúströð. Bílastæði fyrir framan bílgeymslur skulu ekki vera styttri en 6 m.
Þakform, 2 hæðir og kjallari	Þakform er frjálst. Efta brún þaks skal vera inndregin um 1 m að hámarki á austur og norðurhlíð sbr. skilmálateikningu.
Þakform, 1 hæð og kjallari	Þak skal vera einhalla eða mænispak.
Byggingarlini	Framhlíð 1. hæðar við Hvítungaveg (suðurhlíð) skal að fylgja a.m.k. 50% af lengd bundinnar byggingarlinu.
Svalir og útbyggingar	Heimilt er að svalir fari allt að 1,6 m út fyrir byggingarreit á vestur- og norðurhlíð. Á Hvítungavegi 13 er einnig heimilt að svalir fari 1,6 m út fyrir byggingarreitur á austurhlíð.



Hvítungavegur 7, 9, 11 og 13: Skilmálateikning í mkv. 1:200


	Lóðamörk		Bundin byggingarlini
	Byggingarreitur kjallara		Aðkomuhlið / aðalíngangur
	Byggingarreitur 1. hæðar		Lóðastærð
	Byggingarreitur 2. hæðar		Hæðarkótar við lóðamörk (til viðmiðunar)
	Inndregin þaklína 2. hæðar		



Skýringarmynd: Byggingarreitir við Hvítungaveg, 1 hæð og kjallari, horft í vestur eftir Hvítungavegi. Hér er sýnd hámarkshæð byggingar (7,5 m) án þakforms. Gerð er krafa um einhalla þak eða mænispak.



Skýringarmynd: Byggingarreitir við Hvítungaveg, 2 hæðir og kjallari, horft í vestur eftir Hvítungavegi. Hér er sýnd hámarkshæð byggingar (9 m).



Skýringarmynd:

Hluti aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035

Skýringar

Deiliskipulagsmörk

Svæði sem breyting nær til

Núverandi byggingar

Lóðamörk

Lóðastærðir

Nýir byggingarreitir

Bundin byggingarlini

Bílastæði, leiðbeinandi staðsetning

Ákvæði um götutré

Gróðursvæði, leiðbeinandi

Gönguleið / gangstétt

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann _____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

f.h. Vestmannaeyjabæjar



Deiliskipulag Miðbæjarsvæðis

Hvítungavegur 7-13 og Skólavegur 21C
Breyting á deiliskipulagi


Dags.: 14. janúar 2022	Mælikvarði: 1:1000 @ A1	Útgáfunnr.: A1519-010-U03
Teikn./Mírfrjóð: PK/HB, ÁG	Teikn.nr.: 1/3	

alta@alta.is / www.alta.is




Deiliskipulag miðbæjarsvæðis: Hvítungavegur 7-13 og Skólavegur 21c


Breyting á deiliskipulagi - skýringarmyndir




Skýringarmynd/kennisnið C-C: Skólavegur 21c í mkv. 1:200




Skýringarmynd/kennisnið D-D: Skólavegur 21c í mkv. 1:200




Skýringarmynd/kennisnið B-B: Hvítungavegur 7, 9, 11 og 13, bygging á 1 hæð og kjallara í mkv. 1:200



Skýringarmynd/kennisnið B-B: Hvítungavegur 7, 9, 11 og 13, bygging á 1 hæð og kjallara í mkv. 1:200



Skýringarmynd / Kennisnið A-A: Hvítungavegur 7, 9, 11 og 13, bygging á 1 hæð og kjallara í mkv. 1:200



Skýringarmynd / Kennisnið A-A: Hvítungavegur 7, 9, 11 og 13, bygging á 2 hæðum og kjallara í mkv. 1:200



Skýringarmynd sem sýnir hvar snið eru tekin

Skýringarmynd:
Hluti aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035



Áætlað skuggavarp 21. mars kl. 9:00



Áætlað skuggavarp 21. mars kl. 12:00



Áætlað skuggavarp 21. mars kl. 17:00



Áætlað skuggavarp 21. júní kl. 9:00



Áætlað skuggavarp 21. júní kl. 12:00



Áætlað skuggavarp 21. júní kl. 17:00

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann _____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

f.h. Vestmannaeyjabæjar



Deiliskipulag
Miðbæjarsvæðis

Hvítungavegur 7-13 og Skólavegur 21C

Breyting á deiliskipulagi

Dags.: 14. janúar 2022	Mælikvarði: -	Útgáfunnr.: A1519-010-U03
Teikn./Míflarið: PK/HB, ÁG	Teikn.nr.: 2/3	

Deiliskipulag miðbæjarsvæðis: Hvítungavegur 7-13 og Skólavegur 21c

Breyting á deiliskipulagi - skýringarmyndir




Skýringarmynd: Byggingarreitir við Hvítungaveg, 1 hæð og kjallari, horft í vestur eftir Hvítungavegi. Hér er sýnd hámarkshæð byggingar (7,5 m) án þakforms. Gerð er krafa um einhalla þak eða mænispak.




Skýringarmynd: Byggingarreitir við Hvítungaveg, 2 hæðir og kjallari, horft í vestur eftir Hvítungavegi. Hér er sýnd hámarkshæð byggingar (9 m).




Skýringarmynd: Dæmi um húsagerðir sem passa inn í skilmála fyrir Hvítungaveg 7-13, horft í vestur eftir Hvítungavegi.



Skýringarmynd:
Hluti aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035




Skýringarmynd: Byggingarreitir við Hvítungaveg, 1 hæð og kjallari, horft í austur eftir Hvítungavegi. Hér er sýnd hámarkshæð byggingar (7,5 m) án þakforms. Gerð er krafa um einhalla þak eða mænispak.




Skýringarmynd: Byggingarreitir við Hvítungaveg, 2 hæðir og kjallari, horft í austur eftir Hvítungavegi. Hér er sýnd hámarkshæð byggingar (9 m).




Skýringarmynd: Dæmi um húsagerðir sem passa inn í skilmála fyrir Hvítungaveg 7-13, horft í austur eftir Hvítungavegi.




Skýringarmynd: Byggingarreitir við Hvítungaveg, 1 hæð og kjallari. Hér er sýnd hámarkshæð byggingar (7,5 m) án þakforms. Gerð er krafa um einhalla þak eða mænispak.




Skýringarmynd: Byggingarreitir við Hvítungaveg, 2 hæðir og kjallari. Hér er sýnd hámarkshæð byggingar (9 m).




Skýringarmynd: Dæmi um húsagerðir sem passa inn í skilmála fyrir Hvítungaveg 7-13.



Skýringarmynd: Byggingarreitir við Hvítungaveg, 1 hæð og kjallari. Hér er sýnd hámarkshæð byggingar (7,5 m) án þakforms. Gerð er krafa um einhalla þak eða mænispak.



Skýringarmynd: Byggingarreitir við Hvítungaveg, 2 hæðir og kjallari. Hér er sýnd hámarkshæð byggingar (9 m).



Skýringarmynd: Dæmi um húsagerðir sem passa inn í skilmála fyrir Hvítungaveg 7-13.

Deiliskipulag þetta hefur fengið meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43 gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. og var samþykkt í bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar þann _____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____.

f.h. Vestmannaeyjabæjar



Deiliskipulag
Miðbæjarsvæðis

Hvítungavegur 7-13 og Skólavegur 21C
Breyting á deiliskipulagi

Dags.: 14. janúar 2022	Mælikvarði: -	Útgáfunr.: A1519-010-U03
Teikn./Mírfarið: PK/HB, ÁG	Teikn.nr.: 3/3	

